



## Umbótaáætlun vegna ytra mats Menntamálastofnunar á Arnarskóla

Ytra mat var unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kópavogsbæ í janúar 2021.

## Umbótaáætlun Arnarskóla

Í upphafi vorannar 2021 fór Arnarskóli í ytra mat Menntamálastofnunnar. Tilgangur matsins er meta hvort skólastarfið sé í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og uppfylli ákvæði í lögum og reglugerðum. Í matinu er komið auga á styrkleika skólastarfsins ásamt því að bent er á tækifæri til umbóta. Í framhaldi af matsferlinu voru niðurstöður birtar í matsskýrslu Menntamálastofnunnar og kynntar starfsfólki Arnarskóla, foreldrum, skólaráði og fræðslufirvöldum Kópavogsbæjar.

Eftir að niðurstöður voru kynntar af Menntamálastofnun var stofnað umbótateymi í Arnarskóla til að leggja drög að tillögum um umbætur. Vinnuhópar ræddu í framhaldinu drög að umbótaáætlun og komu með tillögum að leiðum til að bæta skólastarfið. Vinnuhópar voru a) stjórn Arnarskóla sem samansett er af tveimur utanaðkomandi aðilum, tveimur foreldrum nemenda skólans ásamt framkvæmdastjórn, b) skólaráð og c) viðbótarráðgjafi starfsfólks. Eftir umræður þessara vinnuhópa var umbótaáætlun formlega samþykkt af öllum hópum og að lokum kynnt fræðslufirvöldum sveitarfélagsins.

Í mati Menntamálastofnunnar voru bæði styrkleikar og tækifæri til umbóta dregin fram á skólastarfi Arnarskóla. Í þeirri umbótaáætlun sem er hér kynnt, er gert grein fyrir því hvernig brugðist er við ytra mati Menntamálastofnunnar og hvernig matsferlið er nýtt til að bæta starf Arnarskóla.

Mikilvægt og gagnlegt er að fá endurgjöf og rýni utanaðkomandi aðila á skólastarf og því ánægjulegt að taka þátt í matsferlinu þar sem góð samvinna við Menntamálastofnun var einkennandi. Starfsfólk Arnarskóla vill því sérstaklega þakka matsaðilum samvinnuna.

Kópavogur 31.3.2021

Rafn Emilsson, skólastjóri Arnarskóla

## 1. Stjórnun og fagleg forysta

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Hvernig metið?
1.1	Endurskoða stefnu skólans innan tveggja ára með þátttöku foreldra, nemenda og starfsmanna	Stefna skólans verður endurskoðuð innan tveggja ára með þátttöku foreldra, nemenda og starfsmanna	Haustið 2021	Haust 2022	Framkvæmdastjórn/framkvæmdastjóri yfirumsjón	Stefna birt á heimasíðu skólans
1.2	Efla þarf að nýju samstarf við grenndarsamfélagið þegar samkomutakmörkunum er aflétt.	Styrkja að nýju samband við grenndarsamfélagið skv. starfsáætlun	Um leið og sóttvarnir leyfa	Vor 2022 (verkefni sem verður í stöðugri vinnu)	Framkvæmdastjórn/skólastjóri yfirumsjón	Lokið/ólókið skv. vorskýrslu
1.3	Skólaráð haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um	Opinn fundur verður haldinn vorið 2021 skv. starfsáætlun skólans	Vorið 2021	Vorið 2021	Skólastjóri	Lokið/ólókið skv. fundargerð
1.4	Vinna markvisst að því að foreldrar fái tækifæri til að hittast.	Haldin verði foreldrakaffi 1-2x á önn þar sem foreldrar fá aðstöðu til að hittast	Um leið og sóttvarnir leyfa	Vorið 2022 (verður í stöðugri vinnslu)	Framkvæmdastjórn/fagstjórar yfirumsjón	Byrjað/ekki byrjað
1.5	Leita þarf leiða til að virkja nemendur til þátttöku í nemendafélagi og skólaráði.	Nemendafélag hefur þegar verið stofnað (feb 2021). Allir nemendur í kynnast skólaráði og verður boðið að taka þátt í fundum skólaráðs sem hluti af því að kynnast starfinu.	maí 2021	Verkefni í stöðugri vinnu	Skólastjóri	Með símati, og þáttökumati að loknum hverjum fundi

## 1. Stjórnun og fagleg forysta

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Hvernig metið?
1.6.	Gæta þarf þess að nýir starfsmenn fá samtal við stjórnanda um stöðu og líðan í starfi.	Allt starfsfólk fær fund með stjórnanda á að minnsta kosti 8 vikna fresti.	haustið 2021	Verkefni í stöðugri vinnu	Framkvæmdastjórn/skólastjóri yfirumsjón	Gögnum safnað um viðtöl til að gæta að því að viðtöl fari fram. Starfsþróunarsamtöl að vori skráð ásamt ánægjukönnun starfsfólks.
1.7	Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsmanna og huga að endurbótum á skólalóð og aðkomu að skólanum	Framkvæmdaáætlun hefur verið mótuð.	Des 2020	Apríl 2021	Framkvæmdastjóri	Lokið/ólokið skv. vorskýrslu
1.8	Mikilvægt er að hugað sé að álagi og andlegri líðan starfsmanna og þeir hvattir til að ástunda heilsueflingu.	1) Vinnuvika stytt og starfsfólki fjölgað. 2) Viðbragðsáætlun við undirmönnun vegna veikinda mótuð. 3) Eftirlit með álagi á milli kennslustofa aukið og álag jafnað á milli kennslustofa ef veikindi koma upp. 4) Kaffitímum fjölgað fyrir stuðningsfulltrúa 5) Starfsfólk hvatt til þess að stunda heilsueflingu og skólinn leitar leiða til að fá afslætti að líkamsrækt 6) setja upp hjólagrindur fyrir utan skólann.	Maí 2020	Verkefni í stöðugri vinnu	Framkvæmdastjórn	Með starfsmannakönnun og starfsþróunarviðtölum, niðurstöður kynntar í maí ár hvert

## 1. Stjórnun og fagleg forysta

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Hvernig metið?
1.9	Fjölga þarf starfsmönnum með kennslufræðilega menntun og reynslu.	Starfsfólki með kennslufræðilega menntun verður fjölgað. Í stað þess að umsjónarkennari sinni allt að 22 nemendum eins og núverandi starfsleyfi gerir ráð fyrir þá mun umsjónarkennari sinna allt að 15 nemendum.	Haustið 2021	Vor 2022	Framkvæmdastjórn/skólastjóri	Með starfsmannayfirliti skv starfsáætlun.

## 2. Nám og kennsla

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Hvernig metið?
2.1	Sjá til þess að starfsmaður sé aldrei einn með nemenda í lokuðu rými sem ekki sést inn í.	Öll einstaklingsrými útbúin með gluggum á hurðum.	Mars 2021	Júní 2021	Framkvæmdastjóri	Lokið/ólokið skv. vorskýrslu
2.2	Auka samskipti og samvinnu á milli nemenda	Þemaverkefni/samvinnuverkefni og morgunstundir sem legið hafa niðri á tímum covid verður hrint aftur í framkvæmd.	Apríl 2021 eða þegar sóttvarnir leyfa	Verkefni í stöðugri vinnu	Skólastjóri	Með símati, og þátttökumati að loknu hverju þemaverkefni
2.3	Þjálfra félagsfærni og samskipti milli nemenda.	Þemaverkefni/samvinnuverkefni og morgunstundir sem legið hafa niðri á tímum covid verður hrint aftur í framkvæmd.	Apríl 2021 eða þegar sóttvarnir leyfa	Verkefni í stöðugri vinnu	Skólastjóri	Með símati, og þátttökumati að loknu hverju þemaverkefni.
2.4	Skapa eftir föngum aðstæður til markvissrar málnotkunar.	Áminningum og mati bætt inn í ígrundunarkennslustundir	Apríl 2021	Verkefni í stöðugri vinnu	Skólastjóri	Gögnum safnað í ígrundunarkennslustundum um algengi markvissrar málnotkunar.
2.5	Kynna hverjum nemanda markmið náms á sínum forsendum	Áminningum og mati bætt inn í ígrundunarkennslustundir	Apríl 2021	Verkefni í stöðugri vinnu.	Fagstjórar, kennarar og skólastjóri	Gögnum safnað í ígrundunarkennslustundum
2.6	Nýta upplýsingatækni markvisst í námi nemenda	Einstaklingsmarkmið mótuð og gerð grein þeim fyrir í einstaklingsáætlunum allra nemenda skólans.	Vor 2021	Maí 2022	Atferlisfræðingar, kennarar og skólastjóri	Lokið/ólokið skv. vorskýrslu

## 2. Nám og kennsla

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Hvernig metið?
2.7	Gæta þarf að námsframvindu nemenda þannig að ekki sé dvalið að óþörfu við námsmarkmið.	Nemendur vinna að nýjum verkefnum ef nemandi hefur náð tókum á verkefni. Símat er notað við námsmat. Lögð verður áhersla á að efla starfsþjálfun í að rýna í námsmat og draga úr stuðningi þegar þörf er á. Í ígrundunarkennslustundum verður áhersla á þessa þætti.	Apríl 2021	Verkefni í stöðugri vinnu.	Atferlisfræðingar, kennarar og tenglar	Gögnum safnað í ígrundunarkennslustundum

### 3. Innra mat

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Hvernig metið?
3.1	Mikilvægt er að skipa matsteymi með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans.	Matsteymi skipað með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans	Apríl 2021	Júní 2021	Skólastjóri	Lokið/ólokið skv. vorskýrslu
3.2	Gera þarf áætlun um mat á markmiðum sem birtast í stefnu skólans.	Mat á markmiðum sem birtast í stefnu skólans bætt inn í langtímaáætlun innra mats.	Ágúst 2021	Október 2021	Skólastjóri	Lokið/ólokið skv. starfsáætlun
3.3	Skilgreina þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum matsþáttum.	Skilgreind verða viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstök matsþáttum. Viðmið verða skýr og aðgengileg í starfsáætlun hvers árs.	Apríl 2021	Opktóber 2021	Skólastjóri	Lokið/ólokið skv starfsáætlun